

Fyrir réttinum hefir kærður viðurkennt landhelgisbrot sitt og ekkert fært fram sér til afsökunar.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920, um brot gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 29500.00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi islenskrar krónu er í dag 33.90. Sektin renni í landhelgissjóð Íslands. Verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45 frá Akranesi, upptækt gert, og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar. Málið hefir verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson, greiði kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45, sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1940.

Nr. 36/1940. Réttvísing (Lárus Jóhannesson)

gegn

Péttri Jónssyni (Theódór B. Líndal).

Innbrotspjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt prófum málsins brutust nokkrir drengir þann 6. febr. þ. á. inn í hús Guðmundar

Sigfússonar í Neskaupstað, þar sem verzlun Sigfúsar Sveinssonar hafði útibú, með þeim hætti að brjóta gluggarúðu, opna síðan gluggann og fara inn um hann. Höfðu drengirnir þá ýmsar vörur á burt með sér. Er ekki upplýst, að ákærði hafi tekið þátt í þessum þjófnaði eða verið þá í vitorði með drengjunum. Hins vegar er sannað, að ákærði stóð á verði, er þjófnaður var á ný framinn af drengjum í sama húsi þann 8. febrúar þ. á. kl. 6 til 7 síðdegis, og einnig var hann þátttakandi í þjófnaði úr sömu verzlun með drengjum kl. 11 til 12 síðdegis sama dag, og fór hann þá inn um gluggann til þess að fremja þjófnaðinn.

Með þessum verknaði hefir ákærði gerzt sekur við 7. gr. laga nr. 51/1938 sbr. 4. lið 231. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ber nú að refsa fyrir brot þetta eftir 2. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 2. gr. þeirra laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Iðgjöld verða ekki dæmd í máli þessu, þar sem ekki er greinilega upplýst, hverju var stolið úr verzluninni þann 6 febr. þ. á. og hverju í þau skipti, er ákærði tók þátt í þjófnaðinum, né heldur hverju hefir verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig, og ennfremur hefir hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir rétti skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

## Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Jónsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Iðgjaldakröfu verzlunar Sigfúsar Sveinssonar vísast frá dómi. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Theódórs B. Lindals, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 17. febr. 1940.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Pétri Jónssyni verkamanni, Nýja Kastala hér í bæ, fyrir brot á 23. kap. hinna almennu hegningarlaga, samanber 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, svo og til málskostnaðar og skaðabóta, að upphæð kr. 193.60. Stefna hefir ekki verið gefin út, þar eð ákærði hefir lýst því yfir, að hann tæki tilkynningu dómarans um málhöfðun gilda.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 8 febrúar s. l. brutust drengirnir Stefán Gíslason, 12 ára, Bjarni Bjarnason, 14 ára, o. fl. drengir inn í hús Guðmundar Sigfússonar, Strandgötu 12 hér í bæ (V.K.H.), en í nefndu húsi hefir verzlun Sigfúsar Sveinssonar haft útibú, með þeim hætti, að Stefán braut rúðu á norðurhlið hússins, og kræktu drengirnir síðan gluggann opinn og fóru inn um hann.

Innbrot þetta frömdu drengirnir milli kl. 6—7 e. h. nefndan dag, en ákærði í máli þessu var í vitorði með þeim eftir framburði þeirra og beið fyrir utan gluggann, meðan innbrotið fór fram, og drengirnir fóru inn í nefnt hús til þess að stela.

Nefndum drengjum hefir lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd Neskaupstaðar komið fyrir í sveit til

18 ára aldurs, og kemur því brot þeirra ekki til álita í máli þessu, þar eð nefnd uppeldisráðstöfun var viðhöfð eftir að venjuleg sakamálsrannsókn hafði farið fram, og er því ekki höfðað mál gegn þeim.

Í lögreglurétti Neskaupstaðar 9. og 12. febrúar s. l. hefir ákærði í máli þessu játað að hafa verið í vitorði með nefndum drengjum við fyrrnefnt innbrot, og jatar hann að hafa staðið á vakt, á meðan þeir fóru inn til þess að stela. Af þýfinu segist hann þó ekki hafa móttekið annað en nokkrar kekkökur í þetta skipti. Ennfremur jatar ákærði, að hann hafi, ásamt Bjarna Bjarnasyni, brotizt inn í áðurnefnt hús síðar um kvöldið milli kl. 11—12. Hafi þeir þá báðir farið inn um áðurnefndan glugga, og jatar þá ákærði, að hann hafi stolið vaskafati, sem hann hafi fyllt með kekkökum.

Við húsleit, sem dómarrinn lét framkvæma hjá ákærðum fundust 3 buxur á kr. 19.50 stk., 1 stk. pokabuxur á kr. 27.50 og 4 manchettskyrtur á kr. 9.00 stk., og játaði þá ákærði, að hann hefði einnig stolið þessum munum.

Verzlun Sigfúsar Sveinssonar hefir lagt fram lista yfir vörur þær, sem horfið hafa úr nefndu húsi, og er andvirði þeirra kr. 363.99, en fundizt hafa vörur hjá ákærðum í máli þessu og áðurnefndum drengjum fyrir kr. 170.39, sem óskaddaðar voru, en mikið af þýfinu hafði eyðilagzt í rigningu, þar eð sökunautar höfðu falið það uppi í fjalli.

Rétturinn litur svo á, að ákærður í máli þessu hafi með framferði sínu gerzt ábyrgur að öllum þeim skaða, sem verzlun Sigfúsar Sveinssonar hefir orðið fyrir út af innbroti þessu og þjófnaði, og að rétt sé, að ákærði greiði nefndri verzlun tjón hennar, kr. 193.60, þar eð hann er sá cini af innbrotsmönnum, sem sé sjálfráður og fjárráður.

Ennfremur álitur rétturinn, að lita verði á það til sakaupbrotar ákærðum, að hann er þátttakandi í innbroti og þjófnaði með drengjum, sem eru að vísu áður uppvisir að þjófnaði og öðrum óknittum, en sem eru aðeins 12 til 14 ára að aldri.

Ákærði er fæddur í Krossavík í Nessókn, Norðfirði, hinn 23. marz 1907, og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hefir hann aldrei áður sætt sekt eða dómi fyrir nokkurt lagabrot.

Brot ákærða heyrir undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing hans með tilliti til þess, sem að framan er sagt, en þar eð hér er um fyrsta afbrot hans að ræða, hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ennfremur greiði ákærði allan kostnað sakarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Jónsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar, svo og kr. 193.60 í skaðabætur til verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, Norðfirði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1940.

Nr. 51/1940. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)  
gegn

**Georg Kristjánssyni**  
(Lárus Jóhannesson).

Saurlifisbrot.

**Dómur hæstaréttar.**

Mök ákærða við drenginn Ólaf Byron Guðmundsson varða að nokkru við 1. málgr. 203. gr. og að nokkru við 2. málgr. sömu greinar hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga, og mök ákærða við drenginn Þórð Helgason varða við 2. málgr. 203. gr. hegningarlaganna, sbr. ennfremur 2. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,